

Reykjavík, 27. febrúar 2026

UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

vegna undirbúnings allsherjarúttektar Sameinuðu þjóðanna á stöðu mannréttindamála

Rauði krossinn á Íslandi þakkar tækifærið til þátttöku í ofangreindri undirbúningsvinnu á vegum stjórnvalda. Félagið stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að málefnum flóttafólks í samvinnu við stjórnvöld sem og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (*UNHCR*). Félagið hefur jafnframt mikla reynslu af sálfélagslegum stuðningi við flóttafólk, aðstoð við fólk með verndarstöðu vegna fjölskyldusameininga og inngildingar (*e. inclusion*). Rauði krossinn hefur hér til hliðsjónar grundvallarhugsjónir hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi sem og stefnu félagsins til 2030 og stefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins í málefnum sem tengjast flóttafólki, umsækjendum um vernd og alþjóðlegum fólksflutningum.

Hér á eftir er rakið í stuttu máli hugmyndir varðandi hópa og einstaklinga sem félagið telur rétt að skoða hvað skerðingar á mannréttindum varðar.

Umsækjendur um alþjóðlega vernd

Það hefur sífellt verið þrengt að stöðu þeirra með lagabreytingum undanfarna mánuði og ár. Það er áhyggjuefni hversu þrengt hefur verið að fjölskyldusameiningum sem stríðir mjög gegn Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna m.a. um að foreldrar og börn heyri saman og ávallt skuli haft að leiðarljósi það sem börnum er fyrir bestu. Þetta á m.a. um fjölskyldur á Gaza sem gert er að bíða ósegjanlega lengi eftir sameiningu við fjölskyldumeðlimi hér, frá svæði sem er nánast í rúst og hefur þolað þjóðarmorð. Gríðarlega hækkaður kostnaður við umsóknir, sameiningar og dvalarleyfi er einnig áhyggjuefni.

Félagið telur tilefni til að hafa áhyggjur af aðstæðum flóttabarna, þ.e. barna sem eru í umsóknarferli um alþjóðlega vernd. Þjónusta við þau hefur verið skert töluvert eftir að þjónustusamningum stjórnvalda við sveitarfélög hvað barnafjölskyldur varðar var slitið.

Framlagt frumvarp um brottfararstöð veldur áhyggjum. Alvarlegast þar er m.a. innilokun barna, víðar valdbeitingarheimildir og skortur á reglubundnu og þéttu eftirliti með starfsemi auk nýrra frumvarpsdraga um lagabreytingar þess efnis að ekki þurfi í öllum tilvikum að bíða niðurstöðu umsókna um vernd áður en fólk er lokað inni á brottfararstöð eða brottvísað.

Flóttafólk og innflytjendur

Fólk þarf að geta leitað réttar síns og eftir að sérstök lögfræðiráðgjöf fyrir flóttafólk og innflytjendur lagðist af (var á vegum Mannréttindaskrifstofu Íslands) er þeim erfitt um vik. Eins er það óásættanlegt að sýslumannsembættin skuli ekki öll bjóða upp á túlkapjónustu þegar um

flóknar og afdrifaríkar ákvarðanir er að ræða. Hefur það m.a. bitnað illa á konum af erlendum uppruna hvað sifjamál varðar s.s. í tilfellum heimilisofbeldis og í erjum eftir skilnað.

Leiðbeiningarskylda stofnana hvað þennan hóp varðar er annað atriði sem þarf að ávarpa rækilega. Fólk sem ekki talar fullkomna íslensku ætti ekki að þurfa aðstoð félagasamtaka eða lögfræðinga í erindum sínum við opinberar stofnanir hér á landi.

Fátækt meðal þessa hóps er sýnilega meiri en meðal fólks af íslenskum uppruna skv. rannsókn¹ og aðstæður þeirra og barna þeirra ekki í samræmi Barnasáttmálann eða alþjóðasamninginn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Þetta bitnar m.a. á skólagöngu og tómstundabátttöku barnanna auk almennrar velferðar.

Íslenskukunnátta er fólki nauðsynleg til að geta leitað réttar síns og tekið þátt í lýðræðissamfélagi. Kennsla í tungumálinu fyrir flóttafólk og innflytjendur hefur verið mikið til umræðu vegna skorts á námstilboðum og aðgengi, ónógra gæða og hás kostnaðar svo fátt eitt sé nefnt.

Fórnarlömb mansals

Enn er nokkur skortur á stuðning, úrræðum og eftirfylgni fyrir möguleg fórnarlömb mansals sem eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu. Gæta þarf enn betur að málum þeirra sem mögulega ættu rétt á alþjóðlegri vernd hér en er brottvísað til heimalands og geta lent þar í enn verri stöðu.

Fólk í afplánun

Borið hefur á að fólk í afplánun telji sig ekki njóta nægilega vel réttar til heilbrigðis- og geðheilbrigðisþjónustu og nauðsynlegrar aðhlynningar almennt. Ekki er gætt nægilega að stöðu kynsegin fólks. Gæsluvarðhaldi eða einangrun er óþarflega oft beitt² og eins er fólk eins og umsækjendur um vernd sem vísa á úr landi haldi í gæsluvarðhaldi án þess þó að hafa brotið af sér.³

Einstaklingar sem eiga við vímuefnavanda að stríða

Skjólstæðingar skaðaminnkunarverkefna Rauða krossins telja sig ekki njóta fullrar heilbrigðis- og geðheilbrigðisþjónustu. Talin er vera þörf á fjölbreyttri lágþröskuldþjónustu til mæta þeim þar sem þau eru stödd og að ekki sé brotið á rétti þeirra til heilsuverndar. Þau telja þetta vera m.a. vegna fordóma innan kerfa og harðra skilyrða fyrir þjónustu. Sama á við um réttarvernd og félagslega þjónustu.

Hatursorðræða og fordómar

Ekki þarf að orðlengja um afleiðingar hatursorðræðu og hatursglæpa á þá sem fyrir þeim verða og réttindi þeirra. Full þörf er á umfangsmeiri aðgerðum til að takast á við þetta.

¹ https://www.rannvinn.is/_files/ugd/61b738_8c3cc1cfecb34a9ca4a07fecce8c6d75.pdf

² <https://amnesty.is/malefni/einangrunarvist/>

³ <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2026-02-26-84-theirra-sem-hofu-gaelsluvardhald-i-fyrira-voru-erlendir-rikisborgarar-468013>

Mannréttindastofnun Íslands

Síðast en ekki síst þarf að tryggja nýstofnaðri Mannréttindastofnun Íslands nægt fjármagn til að geta sinnt hlutverki sínu við vöktun mannréttinda og ábendingar um brotalamir.

F.h. Rauða krossins á Íslandi

Nína Helgadóttir
sérfræðingur í málsvarastarfi